

Guðmundur Jóhannesson og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Nautgriparæktin

Heildareinkunn tekur breytingum

Fagráð í nautgriparækt ákvað á síðasta fundi sínum að breyta útreikningi á heildareinkunn í samræmi við niðurstöður verkefnis um hagrænt vægi eiginleika í nautgriparækt. Undanfarin tvö ár hefur RML unnið að útreikningum á hagrænu vægi eiginleika og hefur sú vinna verið í höndum Kára Gautasonar og Jóns Hjalta Eiríkssonar. Verkefnið sem hefur notið stuðnings þróunarsjóðs nautgriparæktarinnar, Landssambands kúabænda og Nautastöðvar BÍ, og lauk nú fyrir skömmu. Hluti verkefnisins var unninn í samstarfi við sérfræðinga Háskólans í Árósum í Danmörku, einkum Morten Kargo Sørensen. Lokaskýrsla um verkefnið verður birt innan tíðar en unnið er að lokafrágangi hennar.

Fagráð ákvað að nýta niðurstöður verkefnisins svo fljótt sem verða má og við næstu keyrslu kynbótamats verður útreikningi á heildareinkunn breytt til samræmis við niðurstöður verkefnisins. Sú breyting sem koma mun til framkvæmda við næstu keyrslu á kynbótamati á að auka ávinning af ræktunarstarfi nautgriparæktarinnar í formi minni framleiðslukostnaðar, sem metinn er af höfundum skýrslunnar nálægt 150 milljónum króna á ári. Það er því ljóst að verulegan ábata er að sækja í erfðaframarfarir eða sem nemur um 1 krónu á hvern framleiddan lítra mjólkur.

Í breytingunni felst að vægi á afurðum verður lækkað úr 44% í 36% auk þess sem samsetningu afurðaeinkunnar verður breytt á þann veg að fituafurðir fá 47% vægi, próteinafurðir 48% og próteinhlutfall 5%. Þannig mun afurðaeinkunnin endurspegla verðhlutföll verðefnanna auk þess sem próteinhlutfallið fær 5% vægi til þess að halda því jafnháu og nú er. Vægi annarra eiginleika mun breytast lítillega en stærsta breytingin verður sú að ending mun eingöngu koma inn í heildareinkunn nauta sem hafa reiknaða endingareinkunn.

Í töflunni má sjá vægi eiginleika fyrir og eftir breytingu:

Eiginleiki	Eldri einkunn	Ný heildareinkunn	
		Naut	Kýr
Afurðir	44%	36%	36%
Frjósemi	8%	10%	11%
Frumutala	8%	8%	9%
Júgur	8%	10%	11%
Spenar	8%	10%	13%
Mjaltir	8%	8%	10%
Skap	8%	8%	10%
Ending	8%	10%	

Þessi breyting er mjög í takt við vilja kúabænda en í könnun sem gerð var í tengslum við verkefnið kom fram vilji til þess að lækka vægi á afurðum og auka á öðrum eiginleikum.

Í næsta Bændablaði verður frekari umfjöllun um verkefnið, þ.e. á hvernig það var unnið og á hvaða forsendum það byggir sem og hvaða ávinnings er að vænta með þessari breytingu.